



# AFKOMUSKÝRSLA

2008



19. október 2009

## Ársuppgjör Exista fyrir árið 2008

Exista hf. birtir í dag uppgjör vegna ársins 2008:

- Bókfært eigið fé nam 200 milljónum evra (34 milljarðar króna), lækkaði um rúm 90%
- Heildareignir námu 2,3 milljörðum evra (391 milljarður króna), lækkuðu um rúm 70%
- Heildarskuldir lækkuðu um 3,5 milljarða evra (602 milljarðar króna), eða 63%
- Afkoma eftir skatta var neikvæð um 1,6 milljarð evra á árinu (206 milljarða króna)
- Fall Kaupþings banka hf. og sala eignarhluta Exista í Sampo Group hafði verulega neikvæð áhrif á afkomu á árinu 2008
- Exista brást við ytri áföllum á fjórða ársfjórðungi með sölu eigna, meðal annars í Sampo og Storebrand
- Söluandvirði eigna notað til að greiða niður skuldir

Exista á í viðræðum við helstu lánveitendur um fjárhagslega endurskipulagningu og framtíð félagsins.

Exista býður niðurstöðu í dómsmálum um uppgjör gjaldmiðlasaminga við Kaupþing banka og Glitni banka. Niðurstöður þeirra mála munu skipta verulegu máli varðandi afkomu félagsins og eigið fé.

## Um uppgjörið

Ársuppgjör Exista hf. fyrir árið 2008 er gert í skugga fordæmalausra aðstæðna á íslenskum fjármálamarkaði eftir fall íslenska bankakerfisins í október 2008. Staða og horfur Exista hf. eru því háðar mikilli óvissu. Hrun bankakerfisins hafði mikil áhrif á stöðu Exista hf. þar sem hæst ber fall Kaupþings banka hf. en Exista hf. var stærsti hluthafi bankans.

Stærsti einstaki óvissupáttur í uppgjöri Exista hf. er uppgjör gjaldmiðlasamninga en við fall bankanna varð ljóst að þeir gátu ekki efnt skyldur sínar um afhenda þann gjaldeyri sem um hafði verið samið. Exista hf. hafði greitt bönkunum háar fjárhæðir í formi þóknana og vaxta til að tryggja sér gjaldeyri þannig að félagið gæti staðið við erlendar skuldbindingar sínar. Verðmæti þessara krafna Exista hf. á hendur bönkunum er háð því á hvaða gengi uppgjör fer fram þar en ljóst er að bankarnir munu ekki geta afhent þann gjaldeyri sem um hafði verið samið. Exista hf. byggir í reikningum sínum á markaðsvirði íslensku krónunnar samkvæmt gögnum frá Evrópska Seðlabankanum þar sem ljóst er að markaðsbrestur olli því að skráð gengi Seðlabanka Íslands endurspeglaði ekki markaðsgengi krónunnar í kjölfar falls íslensku bankanna. Eins og fram kemur í ársreikningi Exista hf. munar miklu hvort notast er við gengi Seðlabanka Íslands eða Seðlabanka Evrópu og er ljóst að eigið fé Exista hf. er verulega neikvætt ef uppgjör væri miðað við gengi Seðlabanka Íslands, eins og krafist hefur verið af hálfu bankanna. Endanleg niðurstaða um verðmæti krafna Exista hf. á hendur bönkunum mun ekki fást fyrr en að undangengnum dómi.

Forsendur ársreiknings um rekstrarhæfi (e. going concern) félagsins hvíla á því að Exista hf. nái samningum við kröfuhafa félagsins um heildarendurskoðun fjárhagslegra skuldbindinga þess og að dómstólar viðurkenni kröfur Exista hf. á hendur Glitni banka hf. og Kaupþings banka hf. á grundvelli gjaldmiðlasamninga. Að öðru leyti er vísað til skýrslu stjórnar Exista hf. sem finna má á blaðsíðu 2 í ársreikningi félagsins.

## Rekstrarreikningur samstæðu

Ársreikningur Exista hf. er gerður í samræmi við alþjóðlegar reikningskilareglur (IFRS).

### Tekjur

Heildartekjur samstæðunnar á árinu voru neikvæðar um 66,2 milljónir evra en voru 961,5 milljónir evra árið 2007.

Tap á fjáreignum á gangvirði nam 581,7 milljónum evra á árinu 2008, en hagnaður af veltufjáreignum nam 62,1 milljón evra. Á árinu 2007 námu fjáreignir á gangvirði 0,8 milljónum evra og tap af veltufjáreignum nam 46,3 milljónum evra sem skýrðist fyrst og fremst af einskíptiskostnaði sem féll til meðal annars vegna aflagðrar starfsemi á sviði eigin viðskipta og sölu eignasafna.

Arðstekjur námu alls 11,2 milljónum evra á árinu samanborið við 12,6 milljónir evra á árinu 2007. Arður frá hlutdeildarfélögum í fjármálaþjónustu, Kaupþingi banka og Sampo Group, er ekki tekjufærður í þessum lið, heldur færður til lækunar á bókfærðu virði í efnahagsreikningi og tekinn inn í fjárstreymi félagsins. Arður hlutdeildarfélaga til Exista nam 167,5 milljónum evra á árinu 2008.

Vaxtatekjur námu 136,5 milljónum evra á árinu en námu 91,2 milljón evra árið 2007. Tæplega 45% vaxtatekna eru tilkomnar vegna eignaleigustarfsemi.

Tryggingaiðgjöld námu 97,1 milljón evra á árinu 2008, samanborið við 129 milljónir evra árið áður. Samdrátturinn skýrist af gengislækkun krónunnar, en iðgjöld eru nær einvörðungu í krónum. Í krónum talið jukust eigin iðgjöld um 17% milli ára.

Hlutdeildartekjur námu 180,3 milljónum evra á árinu 2008 samanborið við 756,2 milljónir evra árið áður. Hlutdeild Exista í hagnaði eða tapi Kaupþings banka og Sampo Group féll undir þennan lið. Breytingin á milli ára skýrist af lakari afkomu hlutdeildarfélaga auk þess sem þau fóru út úr samstæðu Exista í byrjun fjórða ársfjórðungs.

Aðrar tekjur námu 28,3 milljónum evra í lok árs 2008, samanborið við 17,9 milljónir evra árið áður.

### Gjöld

Heildargjöld samstæðunnar námu samtals 1.135,2 milljónum evra á árinu 2008 samanborið við 169,9 milljónir evra árið áður. Niðurfærsla eignarhlutarins í Kaupþingi banka er stærsti einstaki kostnaðarliðurinn ásamt tapi vegna sölu á eignarhluta í Sampo Group sem samtals námu 916,4 milljónum evra.

Virðisrýrnun viðskiptavildar nam samtals 75,6 milljónum evra.

Rekstrarkostnaður samstæðunnar nam 57,7 milljónum evra á árinu og lækkaði um tæpar 8 milljónir evra á milli ára.

### Rekstrarafkoma, fjármagnsgjöld og skattar

Tap fyrir fjármagnsgjöld var 1.201,4 milljón evra á árinu 2008, á árinu 2007 var hagnaður fyrir fjármagnsgjöld 791,7 milljónir evra.

Vaxtagjöld námu 520,8 milljónum evra á árinu 2008, en voru 350,3 milljónir evra árið áður.

Gengismunur og verðbætur skiluðu 92,9 milljóna evra hagnaði á árinu, samanborið við 84,3 milljónir evra árið áður.

Tekjuskattur var jákvæður um 10,7 milljónir evra á árinu 2008.

### Niðurstöður rekstrarreiknings

Afkoma var neikvæð um 1.618,7 milljónir evra eftir skatta á árinu 2008. Þessi slæma afkoma sýnir það mikla tjón sem félagið varð fyrir þegar eignarhluti þess í Kaupþingi banka varð verðlaus við fall bankans í október 2008. Hagnaður eftir skatta nam 573,9 milljónir evra árið 2007.

## Efnahagsreikningur samstæðu

### Eignir

Heildareignir Exista voru 2.300 milljónir evra þann 31. desember 2008 og höfðu lækkað um 5.710 milljónir evra eða 71,3% frá upphafi árs 2008.

Fjáreignir á gangvirði námu 316 milljónum evra í árslok 2008 og höfðu lækkað um 808 milljónir evra frá upphafi ársins. Lækkunina má rekja til hruns fjármálamarkaða og lækkandi verðmætis á markaðseignum félagsins.

Veltufjáreignir námu 98 milljónum evra í lok árs 2008 og höfðu dregist saman um 113 milljónir evra frá áramótum.

Útlán og kröfur námu 1.480 milljónum evra í lok árs 2008. Gjaldmiðlasamningar Exista við Kaupþing banka hf. og Glitni hf. falla undir þennan lið. Gjaldmiðlasamningarnir voru fyrst og fremst gerðir til að draga úr gengisáhættu í rekstri félagsins, en frá ársbyrjun 2007 færði Exista reikninga sína í evrum enda stærstur hluti eigna félagsins þá erlendur. Með samningum þessum var eigið fé félagsins varið gegn gengissveiflum annarra mynta en evru, meðal annars íslensku krónunni, en eignarhlutirnir í Kaupþingi banka hf. og Bakkavör Group hf. voru skráðir í íslenskum krónum. Gengi evru á móti íslensku krónunni skiptir verulegu máli við verðmat samninganna í reikningum félagsins. Frá hruni íslenska bankakerfisins hefur verið ágreiningur á milli Exista og skilaneftnda Kaupþings banka hf. og Glitnis banka hf. um hvaða gjaldmiðlagengi skuli notað við uppgjör þessara samninga. Exista krefst þess að skráð gengi evru á móti krónu hjá Seðlabanka Evrópu verði notað, enda telja stjórnendur félagsins skráningu Seðlabanka Evrópu vera marktækasta mælikvarðann á raunverulegt markaðsgengi krónunar. Skilaneftndir bankanna krefjast hins vegar að notast verði við skráð gengi Seðlabanka Íslands. Þess ber að geta að í árslok 2008 hafði Nýi Kaupþing banki hf. skrifað undir samning við Exista þar sem kröfur félagsins samkvæmt gjaldmiðlasamningum voru viðurkenndar að verulegu leyti. Undirbúningur málaferla er nú hafinn en dómstólar munu skera úr um þennan ágreining. Niðurstaða þeirra mun skipta verulegu máli fyrir eiginfjárstöðu Exista.

Viðskiptavild samstæðunnar lækkar um 59% á árinu. Í lok ársins var hún metin á 195 milljónir evra í samræmi við niðurstöður virðisrýmnunarprófs.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum var að langstærstum hluta eignarhlutir samstæðunnar í Kaupþingi banka og Sampo Group. Í lok árs 2007 voru eignarhlutir í hlutdeildarfélögum metnir á 4.738 milljónir evra en voru óverulegir í lok árs 2008. Hrun fjármálamarkaða jafnt hér á landi sem og erlendis hafði veruleg áhrif á þennan lið í lok árs 2008. Allur eignarhlutur Exista í Sampo Group, eða 19,98% af heildarhlutafé félagsins, var seldur þann 7. október 2008. Exista varð síðan fyrir gríðarlegu tjóni þegar Kaupþing banki féll í október 2008 og verðmæti eignarhlutar félagsins í Kaupþingi varð verðlaus.

Handbært fé nam 187,7 milljónum evra í lok árs 2008. Eign Exista á innstæðureikningi hjá Nýja Kaupþingi banka hf. nam tæpum 13 milljörðum króna. Skilaneftnd Kaupþings banka hefur nú hafið mál á hendur Exista og krefst viðurkenningar á rétti til innstæðu þessarar. Exista mun taka til varna í málinu enda telur félagið skilaneftnd Kaupþings banka ekki eiga rétt til innstæðu félagsins hjá Nýja Kaupþingi.

Aðrar eignir námu 24 milljónum evra.

### Skuldir og eigið fé

Heildarskuldir námu 2.100 milljónum evra í lok árs 2008 og höfðu lækkað um 3.542 milljónir evra, eða tæp 63%, frá upphafi árs. Skuldir Exista greinast meðal annars í lántökur, víkjandi skuldabréf og váttryggingaskuld.

Lántökur námu 1.678 milljónum evra í lok árs og lækka um 3.445 milljónir evra, rúm 67%, frá upphafi árs.

Víkjandi skuldabréf námu 272 milljónum evra í lok ársins, en víkjandi skuldabréf eru þær kröfur sem ganga aftar öllum öðrum kröfum.

Váttryggingaskuld nam 125 milljónum evra og hafði lækkað um 96 milljónir evra frá upphafi árs vegna lækkunar gengis íslensku krónunnar.

Bókfært eigið fé samstæðunnar var 200 milljónir evra í lok árs 2008 og lækkar um tæp 92% frá áramótum. Mat eigna og þar með eigin fjár er óvissu háð eins og rakið er að framan.

## Fjárhagsupplýsingar móðurfélags Exista hf. og dótturfélaga janúar – júní 2009

Fjárhagsupplýsingar úr drögum að óendurskoðuðum sex mánaða uppgjörum ársins 2009 fyrir móðurfélagið Exista hf., Vátryggingarfélag Íslands hf. og Lýsingu hf. eru birt hér með fyrirvara. Fjárhagsupplýsingar úr sex mánaða uppgjörum Skipta hf. og uppgjör annars ársfjórðungs Bakkavör Group hf. hafa verið staðfestar af stjórnnum félaganna og birtar opinberlega.

### **Móðurfélag Exista hf. - óendurskoðuð drög sex mánaða efnahagsreiknings ársins 2009**

Heildareignir móðurfélags Exista hf. námu 270 milljörðum króna í lok júní 2009. Sjósstaða móðurfélagsins í upphafi árs var 2,9 milljarðar króna og var í lok tímabilsins 2,2 milljarðar króna. Heildarskuldir námu 231 milljarði króna. Að teknu tilliti til gjaldmiðlasamninga félagsins nam eigið fé móðurfélagsins í lok júní 2009 39 milljörðum króna. Allar þessar tölur eru óvissu háðar eins og áður hefur komið fram varðandi gjaldmiðlasamninga sem nú eru fyrir dómstólum.

### **Vátryggingafélag Íslands hf. - óendurskoðuð drög sex mánaða uppgjör ársins 2009**

Hagnaður VÍS fyrstu sex mánuði ársins 2009 nam rúmum 1.100 milljónum króna. Iðgjöld hækkðu um 16% samanborið við fyrstu sex mánuði ársins 2008. Rekstarkostnaði var haldið í lágmarki og hækkar lítillega, eða um rúm 7% frá sama tímabili árið 2008. Samsett hlutfall VÍS fyrstu sex mánuði ársins 2009 var 106%.

### **Lýsing hf. - óendurskoðuð drög sex mánaða uppgjör ársins 2009**

Hreinar vaxtatekjur Lýsingar námu tæpum 3 milljörðum króna fyrstu sex mánuði ársins 2009. Afskriftir aukast verulega og nema tæplega 2,5 milljörðum króna fyrstu sex mánuði ársins 2009. Framlög í afskriftareikning aukast verulega í samanburði við fyrstu sex mánuði ársins 2008. Aukningu afskrifta má fyrst og fremst rekja til hinna erfiðu efnahagsaðstæðna sem nú eru í landinu. Rekstrarkostnaði var haldið í lágmarki og dróst hann saman um 13% frá sama tímabili árið 2008. Óverulegur hagnaður varð af rekstri Lýsingar fyrstu sex mánuði ársins. Eiginfjárhlutfall Lýsingar reiknað samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki (CAD hlutfall) var 15,8% í lok júní 2009.

### **Skipti hf.**

Sala Skipta hf. nam 19,8 milljörðum króna fyrstu sex mánuði ársins 2009 og jókst um 5% á milli tímabila. Rekstrarhagnaður fyrir afskrifir og fjármagnsliði (EBITDA) nam 4,2 milljörðum króna á tímabilinu en var á sama tímabili í fyrra 4,1 milljarður króna. EBITDA hlutfall var 21,1%. Handbært fé frá rekstri nam 4,2 milljörðum króna samanborið við 7,9 milljarða króna fyrstu sex mánuðina 2008. Eftir vexti og skatta nam handbært fé frá rekstri 3,6 milljörðum króna. Tap Skipta á tímabilinu nam 2,1 milljarði króna sem skýrist einkum af óhagstæðri gengisþróun krónunnar. Tap Skipta á sama tímabili árið 2008 nam 4,0 milljörðum króna. Eigið fé Skipta nam 34,3 milljörðum króna 30. júní 2009 og eiginfjárhlutfallið var 26%.

### **Bakkavör Group hf.**

Hagnaður Bakkavör Group hf. á öðrum ársfjórðungi 2009 nam 5,6 milljörðum króna sem er verulegur viðsnúningur frá sama tímabili 2008 þegar 5 milljarða króna tap var á öðrum ársfjórðungi. EBITDA hagnaður jókst um 5,7% og nam 7,9 milljörðum króna. EBITDA hlutfallið í fjórðungnum var 8,7% samanborið við 8,3% á öðrum ársfjórðungi 2008. Handbært fé frá rekstri fyrir skatta, vexti og einskíptiskostnað vegna hagræðingaaðgerða nam 9,9 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi 2009 og jókst um 76% á milli tímabila.

## Atburðir á árinu 2009

### Fjárhagsleg endurskipulagning

Frá falli íslenska bankakerfisins í október 2008 hefur Exista átt í samningaviðræðum við lánveitendur um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins. Eins og tilkynnt var um þann 1. mars 2009 mun Exista ekki greiða vexti og afborganir af skuldbindingum sínum meðan á viðræðum við lánveitendur stendur. Þann 17. september síðastliðinn réð félagið til sín breska ráðgjafafyrirtækið Talbot Hughes McKillop LLP sem leiðir vinnu við fjárhagslegu endurskipulagninguna og samningaviðræður við innlenda sem erlenda lánveitendur félagsins. Þessar viðræður eru á viðkvæmu stigi og óvíst hver niðurstaða þeirra verður. Í viðræðum við helstu lánveitendur hefur komið fram að vænt endurgreiðsluhlutfall krafna þeirra við hugsanlegt gjaldprot gæti orðið á bilinu 2-7%. Núvirt sjóðsstreymismat miðað við áframhaldandi rekstur samtæðu bendir til að endurheimtuhlutfall krafna lánveitenda verði á bilinu 17-26% miðað við að eignir félagsins verði seldar Jafnframt hefur komið fram að endurgreiðsluhlutfall krafna þeirra geti orðið allt að 64-95%, greitt í peningum til ársins 2023, gangi fjárhagsleg endurskipulagning Exista eftir og eignir verði áfram í samstæðu. Þetta er þó sett fram með fyrirvara og geta breyttar forsendur útreikninga haft nokkur áhrif á endurgreiðsluhlutfallið. Til að hámarka verðmæti lánveitenda hefur komið fram í viðræðum við þá að farsælast sé að komast hjá því að félagið verði leyst upp og að endurskipulagning þess verði frekar byggð á áframhaldandi rekstri í breyttri mynd í takt við minnkandi umsvif félagsins.

### Afturköllun hlutafjárhækkunar

Í lok júní 2009 úrskurðaði fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra að tilkynning Exista um hlutafjárhækkun frá því í lok árs 2008 væri ólögumæt vegna verðsins sem greitt var fyrir hlutina. Í framhaldinu bakfærði fyrirtækjaskrá tilkynninguna og lækkaði skráð hlutafé félagsins niður í fyrri fjárhæð. Eftir lækkunina er eignarhlutur BBR ehf. um 52% af heildarhlutafé Exista.

### Málaferli

Í ágúst barst Exista stefna frá skilanefnd Landsbanka Íslands hf. um gjaldfellingu krafna að fjárhæð um 150 milljónir evra.

Í september og október bárust Exista stefnur frá Glitni banka hf., HAF funding 2008-1 Limited og Glitni eignarhaldsfélagi ehf. þar sem gerðar eru dómkröfur um að Exista greiði félögunum samtals um 6,5 milljarða króna vegna skuldabréfa og lánasamninga sem upphaflega voru gerðir við Glitni banka hf.

Í október barst Exista stefna frá skilanefnd Kaupþings banka hf. þar sem gerðar eru þær dómkröfur að Exista greiði bankanum samtals tæplega 20,1 milljarð króna vegna gjaldmiðlasamninga sem upphaflega voru gerðir við Kaupþing banka hf. Skilanefndin krefst einnig viðurkenningar á rétti til innstæðu á bankareikningi Exista í Nýja Kaupþingi banka hf. að fjárhæð tæplega 13 milljarða króna.

Exista hefur allt frá hruni íslenska bankakerfisins í október 2008 leitast við að ná samningum við skilanefndir bankanna um uppgjör gagnkvæmra krafna en hefur ekki getað sótt rétt sinn fyrir dómstólum vegna ákvæða laga nr. 125/2008 („neyðarlaganna“). Telur Exista því jákvætt að málin séu nú komin í þann farveg að niðurstaða fáiist fyrir dómstólum.

### Gengið frá sölu á hlutum Exista í Bakkavör Group hf.

Þann 11. september síðastliðinn var viðskiptum með alla hluti Exista í Bakkavör Group hf. lokið. Viðskiptin voru gerð þann 10. október 2008.

### Afskráning skuldabréfa úr Kauphöll

Eins og tilkynnt var um þann 14. október síðastliðinn mun Kauphöllin taka alla skráða skuldabréfaflokka Exista úr viðskiptum þann 16. nóvember 2009.

## Áritun endurskoðenda

Endurskoðendur félagsins, Deloitte hf., árita ársreikning Exista fyrir árið 2008 án álits.